

## Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 1996 – maí 1997

### Sýningar

Sýningin *Valdar portrettmyndir* eftir Sigurjón, Ásgrím Jónsson, Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson og Kristján Davíðsson var í safninu á tímabilinu 27. janúar – 19. maí 1996. Uppistaðan í sýningunni var portrett myndir Sigurjóns og fengin voru að láni málverk eftir þjóðkunnna málara af nokkrum þeim mönnum sem Sigurjón hafði mótað. Á sýningunni gaf því að líta bæði höggmynd og málverk af sömu persónu. Þar má nefna Ragnar Jónsson í Smára, Pál Ísólffson, Ásgrím Jónsson og Halldór Laxness. Voru fengnar að láni myndir bæði úr einkaeigu, söfnum (Listasafni Íslands, Listasafni ASÍ) og stofnunum (Tónlistarskólanum í Reykjavík og Náttúrufræðistofnun).

Sýning sumarsins, sem jafnframt var framlag safnsins til Listahátíðar í Reykjavík 1996, bar heitið *Vættatal*. Var það samsýning á steinmyndum Páls á Húsafelli og verkum eftir Sigurjón. Páll fékk frjálssar hendur um val á verkum Sigurjóns og vann hann mörg verka sinna gagngert fyrir sýninguna. Sýningin var formlega opnuð af menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni sem ávarpaði sýningargesti ásamt Thor Vilhjálmssyni. Ungur píanóleikari, frænka Páls, Ástríður Alda Sigurðardóttir lék nokkur stutt píanóverk í upphafi. Sýningunni fylgdi vönduð sýningarskrá á íslensku og ensku með greinar eftir Aðalstein Ingólfsson og Thor Vilhjálmsson. Sýningin var í safninu tímabilið 9.06 – 1.09 1996 og var mjög vel sótt.

Sýning vetrarins var opnuð í fyrstu viku september og voru myndir eftir Sigurjón sérstaklega valdar með tilliti til skólaheimsókna, þannig að heiti verkanna fælu í sér vísbendingu um hvernig megi túlka þau. Var sýningin auglýst sem skólasýningu og öllum skólum á Stórreykjavíkursvæðinu sent bréf þar að lútandi. Mjög margir framhaldsskólar hafa notfært sér þetta tilboð.

### Sýningar erlendis

Að beiðni forsvarsmanna hinnar svokölluðu Íslandsviku, sem haldin var í Horsens á Jótlandi dagana 29.09. – 5.10. 1996, unnu starfsmenn Sigurjónssafns veggspjaldasýningu, sem lýsti sögu steinmynda Sigurjóns á Ráðhústorginu í Vejle. Að Íslandsvikunni lokinni var sýningin sett upp í Vejle, í anddyri Ráðhússins og gátu íbúar Vejleborgar skoðað hana þar næstu fjórar vikur. Það eru liðlega fjörutíu ár síðan verk-in voru sett upp eftir miklar deilur, aðallega vegna andstöðu þáverandi meirihluta borgarstjórnar, sem þóttu myndirnar hneykslanlegar.

Sýningin hefur verið uppi í Sigurjónssafni í vetur.

Tímamótaverk Sigurjóns *Maður og kona* frá árinu 1939, sem er í eigu Nordjyllands Kunstmuseum, var til sýnis í Thorvaldsens safninu í Kaupmannahöfn 19.09 – 24.11 1996. Á sýningunni, sem bar heitið „Skulpturens væsen“, voru verk eftir Thorvaldsen og 29 verk eftir 26 myndhöggvara frá 20. öldinni. Var þetta liður í stórsýningunni *Dansk billedhuggerkunst i 125 år* sem haldin var með þátttöku 18 safna í Danmörku í tilefni af 125 ára afmæli Den danske Bank, sem kostaði sýningarhaldið og viðhafnarútgáfu bókar um danska höggmyndalist. Eru ljósmyndir af tveim verkum eftir Sigurjón í þeirri bók.

### Priðjudagstónleikar

Sumartónleikar safnsins árið 1996 voru með líku sniði og undanfarin ár, og var það áttunda árið sem sem safnið gekkst fyrir vikulegum tónleikum yfir sumarmánuð-

ina. Engir tónleikar voru þó haldnir í júní vegna Listahátíðar. Haldnir voru 11 tónleikar á vegum safnsins og fram komu samtals 22 tónlistarmenn.

### **Aðrir tónleikar**

Auk hinna föstu þriðjudagstónleika voru haldnir 7 tónleikar í safninu. Yfirlit yfir tónleikana fylgir sem viðauki með skýrslunni.

### **Önnur starfsemi**

Eins og undanfarin ár var salur safnsins rammi um móttökur og ýmsar uppákomur. Má nefna að bókaverðlaun voru afhent á vegum Hagþenkis og bókaforlagsins VAKA-HELGAPELL.

### **Rannsóknir og útgáfustarfsemi**

Eins og getið var í fyrri ársskýrslu er undirbúningur að útgáfu bókar um ævi og starf Sigurjóns hafinn. Danski listfræðingurinn Lise Funder ætlar að skila sínum hluta handritsins fyrir 1. júní 1997. Hún gerði sér ferð til Íslands til að kynna sér heimildir um Sigurjón og hafði sjálf útvegað sér styrk vegna ferðar og uppihalds.

Í safninu hefur verið unnið að skrásetningu einkabréfa Sigurjóns og nú stendur yfir skráning ljósmyndasafnsins og endanlegs frágangs ljósmynda í sýrufríum umbúðum. Það er mjög brýnt að safnið eignist eldtraustar geymslur fyrir hið verðmæta ljósmyndasafn sitt.

Undirbúningur að árbók safnsins hefur tafist og verður útgáfa Sigurjónsbókar látin ganga fyrir. Stefnt er að því að hún komi út haustið 1998.

### **Skipulagsmál**

Afmörkun lóðar fyrir Listasafn Sigurjóns var samþykkt í skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar þann 29. apríl 1996 í borgarráði 30. sama mánaðar. Á uppdrætti fyrir svæðið er gert ráð fyrir sýningarsvæði LSÓ utan lóðarmarka ásamt byggingareit fyrir geymslu LSÓ einnig utan lóðarmarka, nánar tiltekið á þeim stað þar sem nú er bifreiðaverkstæði.

Endanlegt deiliskipulag hefur ekki verið kynnt fyrir íbúum á Laugarnestanga.

Sjávarkamburinn næst safninu hefur verið styrktur með stórgrýti því vetrarstormar síðustu ára höfðu rífið úr honum svo gaf á húsin. Borgarverkfræðingur sá um þá aðgerð.

### **Ráðstefnur**

Forstöðumaður safnsins sótti fund Sambands norræna safnmanna í Danmörku dagana 12.-14. ágúst og var viðfangsefni ráðstefnunnar búsetulandslag á Fjöni og Suðurjótlandi. Auk þess sótti Birgitta Spur innlendar ráðstefnur, meðal annars um listahátíðir og ferðamál.

### **Aðföng**

Þann 15. júní 1996 færði Áslaug Stephensen safninu að gjöf brjóstmynd í gífsi af Haraldi Björnssyni, leikara, sem Sigurjón gerði árið 1961 og þann 11. mars 1997 barst safninu afar verðmæta gjöf, Fótboltamenn 1936, eitt af lykilverkum Sigurjóns frá fjórða áratugnum. Gefendur eru Guðrún og Ólafur Ó. Johnson.

### **Safnmunir**

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 1996-97 alls 359.

### **Tækjakaup**

voru engin markverð á árinu.

### **Viðhald á húseign**

Safnhús voru máluð að utanverðu og auk þess voru settar stálplötur á aðaldyr safnsins utanverðu eins og arkitektinn mælti fyrir í upphafi.

### **Útlán listaverka**

Eins og undanfarin ár hafa verið í geymslu 9 stærri listaverk hjá Verkfræðistofu

Sigurðar Thoroddsen og í stigagöngum Sundaborgar við Kleppsveg. Engar breytingar hafa orðið í þessum málum og verða sennilega ekki fyrir en geymsluvandi safnsins hefur verið leystur.

### **Kynningarbæklingur**

Síðastliðið sumar lét safnið prenta kynningarbækling í lit á ensku. Verið er að endurprenta bæklinginn með smávægilegum breytingum, þar sem meðal annars textinn á forsíðu verður meira áberandi með stærri leturgerð.

### **Fjöldi safngesta**

Gestir safnsins árið 1996 voru 4.500, af þeim voru um 500 útlendingar.

### **Aðgangseyrir**

Aðgangseyrir að sýningum safnsins hefur verið óbreyttur undanfarin ár: kr. 200 fyrir fullorðna, kr. 100 fyrir lífeyrisþega og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

### **Opnunartími**

Sumarið 1996 var opnunartíma safnsins breytt til samræmis við önnur söfn til að koma til móts við tillögur ferðamálafulltrúa Reykjavíkurborgar um að gera söfnin sýnilegri og aðgengilegri ferðamönnum. Auk þess átti Reykjavíkurborg frumkvæði að rekstri safnarútu sem fór milli 14 safna og menningarstofnana mánuðina júlí og ágúst. Fór rútan dag hvern á klukkutíma fresti milli klukkan 13 og 17. Söfnin greiddu kostnaðinn við að gefa út sérstakan bækling á fimm tungumálum fyrir farþega rúttunnar.

Vegna lengingar opnunartímans var kvöldopnun felld niður eins og hún hefur verið að sumri til. Safnið var lokað í desember og janúar í líkingu við Ásgrímssafn og Safn Einars Jónssonar.

Opnunartímar safnsins verða framvegis:

1. júní - 31. ágúst: Allir daga nema mánudaga kl. 14 - 17

1. sept. - 31. maí: laugardagar og sunnudagar kl. 14 - 17

Safnið lokað í desember og janúar

### **Safnarútan**

Aðstandendur safnarúttunnar hafa ákveðið að reka safnarútuna aftur í sumar mánuðina júní-júlí-ágúst og reyna til þrautar hvort ekki megi fjölga farþegum og safnagæstum með betri kynningu. Reynslan sýnir að það tekur nokkur ár að koma á nýjungum í ferðamannaþjónustunni almennt.

### **Útgjaldaaukning vegna opnunartímans og kynningar**

Breytingar á opnunartíma svo og útgáfa kynningarbæklinga munu hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir safnið sem nemur um hálfa milljón króna.

Til að mæta þessum liðum ásamt auknum kostnaði vegna almennra launahækkana er ljóst að safnið verður að auka eigin tekjur með einum eða öðrum hætti.

Því miður tókst ekki að fá hækkun á framlagi ríkisins fyrir árið 1997 og Reykjavíkurborg lækkaði styrk sinn til safnsins 1997 um 500 þúsund krónur.

### **Fastir starfsmenn**

Í föstu starfi hjá safninu eru forstöðumaður í fullu starfi, Geirfinnur Jónsson í hlutastarfi og frá 1. júlí 1996 hefur Helga Guðmundsdóttir BA verið fullu starfi við skráningarvinnu og almenn gæslustörf.

### **Stjórnarfundir**

Stjórnarfundur var haldinn í safninu þann 13. nóvember 1996.

### **Stjórn LSÓ skipa**

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

### Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Ingi R. Helgason (formaður), Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Johnson, Pétur Guðmundsson og Sigmundur Guðbjarnason.

### Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

### Endurskoðandi safnsins

er Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi.

## TÓNLEIKAR Í LSÓ árið 1996

18.jan.	Tónleikar á vegum Söngskólans í Reykjavík
23.mars	<b>Símon Ívarsson</b> , einleikstónleikar fyrir gítar
14.apríl	Tríótónleikar á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík
2.júlí	Trio Nordica: <b>Auður Hafsteinsdóttir</b> fiðla, <b>Bryndís Halla Gyldfadóttir</b> selló og <b>Mona Sandström</b> píanó.
9.júlí	<b>Hlíf Sigurjónsdóttir</b> fiðla og <b>David Tutt</b> píanó.
16.júlí	<b>Stefán Örn Arnarson</b> selló.
23.júlí	<b>Hildigunnur Halldórsdóttir</b> fiðla og <b>Sólveig Anna Jónsdóttir</b> píanó.
30.júlí	<b>Elisabet Zeuthen Schneider</b> fiðla og <b>Halldór Haraldsson</b> píanó.
6.ágúst	<b>Ásdís Arnardóttir</b> selló og <b>Jón Sigurðsson</b> píanó.
11.ágúst	<b>Eydís Franzdóttir</b> óbóleikari og aðrir flytjendur.
13.ágúst	<b>Pórunn Guðmundsdóttir</b> sópran og <b>Kristinn Örn Kristinsson</b> píanó.
20.ágúst	<b>Svava Bernharðsdóttir</b> lágfíðla og <b>Kristinn Örn Kristinsson</b> píanó.
27.ágúst	<b>Nina Flyer</b> selló og <b>Anna Guðný Guðmundsdóttir</b> píanó.
3.sept.	<b>Ingibjörg Guðjónsdóttir</b> sópran og <b>Valgerður Andrésdóttir</b> píanó.
10.sept.	<b>Ingveldur Ýr Jónsdóttir</b> mezzósópran og <b>Jónas Ingimundarson</b> píanó.
24.sept.	<b>Ny dansk saxofonkvartett.</b>
13.okt.	<b>Hollenski BRISK flautukvartettinn</b> á vegum hollenska aðalræðismannsskrifstofunnar á Íslandi.
20.des.	Nemendatónleikar <b>Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.</b>

### Ýmsar móttökur

12.01.96	Móttaka Hagþenkis fyrir 50-60 manns vegna úthlutunar bókaverðlauna
08.08.96	Starfsfólk við þýska sendiráðið heldur kvöldverðarboð í kaffistofu með aðstoð „Á næstu grösun“.
17.08.96	Bruðkaupsveisla brúðhjónanna Mörtu Maríu Jónsdóttur og Guðmundar Steingrímssonar (Hermannssonar) fyrir 100 (130) manns.
22.10.96	Vaka-Helgafell móttaka vegna afhendingu verðlauna í smásagnasamkeppni kennd við Halldór Laxness.
01.11.96	SORPA móttaka fyrir starfsmenn að loknu námskeiði.